

SEÐLABANKI ÍSLANDS

# Seðlabanki Íslands



Starfsfólk á skrifstofu bankastjóra kynnir

Kynning fyrir framhaldsskólanemendur  
Vorið 2021

# Markmið Seðlabanka Íslands



## Stöðugt verðlag

Seðlabanki Íslands skal stuðla að stöðugu verðlagi, þ.e. árleg verðbólga verði sem næst 2½%


## Fjármálastöðugleiki

Seðlabankinn skal stuðla að fjármálastöðugleika, þ.e. að fjármálakerfið geti staðist áföll, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu

## Traust og örugg fjármálastarfsemi

Seðlabankinn skal fylgjast með að starfsemi eftirlitsskyldra aðila (bankar, ýmis fjármálafyrirtæki o.fl) sé í samræmi við lög

## SEÐLABANKASTJÓRI



# Yfirstjórn Seðlabankans



**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri



**Rannveig Sigurðardóttir**  
varaseðlabankastjóri




**Gunnar Jakobsson**  
varaseðlabankastjóri



**Unnur Gunnarsdóttir**  
varaseðlabankastjóri

# Skipurit Seðlabanka Íslands



# Bankaráð hefur eftirlit með Seðlabankanum



Sitjandi frá vinstri eru Sigurður Kári Kristjánsson, Gylfi Magnússon formaður og Þórunn Guðmundsdóttir. Standandi frá vinstri eru Una María Óskarsdóttir, Frosti Sigurjónsson, Bolli Héðinsson og Jacqueline Clare Mallett. Ráðið er kjörið af Alþingi.

# Útgáfa seðla og myntar

- eitt af frumverkefnum seðlabanka



# Einkaréttur á útgáfu seðla og myntar

75 milljarðar króna í seðlum í umferð

4,4 milljarðar króna í mynt í umferð





# Öryggisatriði í seðlum



Vatnsmerki



„Draugamerki“



Málmpráður



Blindramerki


## 150. grein hegningarlaga

„Hver, sem falsar peninga í því skyni að koma þeim í umferð sem ósviknum gjaldeyri, svo og hver sá, sem í sama skyni aflar sér eða öðrum falsaðra peninga, skal sæta fangelsi allt að 12 árum.“


# Peningastefnan



# Hvað er verðbólga?



**Almenn og varanleg hækkun á verði  
vöru og þjónustu sem felur í sér að  
verðgildi peninga minnkar**



Dæmi: Árið 1995 kostaði bíómiði 600 krónur  
en í maí 2021 1.748 krónur: 191% hækkun.



Dæmi: Árið 1995 kostaði íbúð 6 m.kr.  
en kostar 45 m.kr. í maí 2021: 657% hækkun.


Vara eða þjónusta hækkar mismikið í verði en verðbólga er reiknuð út frá tilteknum vörum og þjónustu í neyslukörfu fólks sem Hagstofan metur og mælir reglulega. Verðmælingin er birt sem **vísitala neysluverðs**.

# Af hverju 2½% verðbólguþjálfunarmarkmið?

Hverjir eru ókostir mikillar og sveiflukenndrar verðbólgu? Af hverju leitast Seðlabankinn við að halda verðlagi nokkuð stöðugu?



Verðbólga dregur úr kaupmætti peninga



Gerir áætlanir erfiðari - einstaklingar og fyrirtæki vita ekki hvað vörur og þjónusta kostar eftir - viku? - mánuð? - ár?



Getur dregið úr atvinnu til lengdar - vegna óvissu í efnahagslífi




Færir til eignir með óeðlilegum hætti - milli lántakenda og lánveitenda t.d.

# Seðlabankinn hefur náð árangri við framfylgd verðbólguþröngu undanfarin ár þó verðbólgan sé ögn meiri síðastliðna mánuði



## Verðbólga 1972-2021



# Seðlabankinn hækkar og lækkar vexti til að hafa áhrif á verðbólgu



Fólk og fyrirtæki geyma peninga  
hjá viðskiptabönkunum...



...sem geyma hluta af sínum  
peningum á reikningum hjá  
Seðlabankanum...



...sem getur breytt vöxtum á þessum  
reikningum.



Hærri vextir hækka vexti á lánum til  
heimila og fyrirtækja ...



... sem spara meira og taka síður lán -  
sem dregur úr eftirspurn, lækkar verð  
á vöru og þjónustu og verðbólga  
verður minni en ella.

# Peningastefnunefnd

- Ákvarðanir um beitingu stjórnækja Seðlabanka Íslands í peningamálum eru teknar af peningastefnunefnd bankans
- Stjórnækki bankans teljast í þessu sambandi vera:
- Vextir bankans, viðskipti við lánastofnanir, ákvarðanir um bindiskyldu og inngrip á gjaldeyrismarkaði

Viðskipti | mbl | 6.11.2019 | 8:55 | Uppfært 9:39

## Enn lækka vextir Seðlabankans



Seðlabanki Íslands. [mbl.is](http://mbl.is)/Kristinn Magnússon



Setja bókamerki

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að lækka vexti bankans um 0,25 prósentur. Meginvextir bankans, vextir á sjö daga bundnum innlánum, verða því 3%. Ef lítið er á vaxtakúrfu meginvaxta Seðlabankans sést að meginvextir (stýrivextir) hafa lægst farið í 3,625 prósent snemma árs 2011. Í ársbyrjun 2009 voru þeir aftur á móti 18%.



# Fjármálastöðugleiki






# Hvað er fjármálastöðugleiki?



Þegar fjármálakerfið er í stakk búið til að takast á við áföll í efnahagslífinu og á fjármálamörkuðum án þess að allt fari á hliðina.



Fjármálastöðugleika er ekki jafn auðvelt að mæla og verðstöðugleika og horfa þarf til margra mælikvarða í hagkerfinu og fjármálakerfinu.

# Hvað gerir Seðlabankinn til þess að stuðla að fjármálastöðugleika?

**Þjóðhagsvarúðarreglur** eru reglur sem Seðlabankinn getur ákveðið fyrir fjármálastofnanir og einstaklinga til þess að koma í veg fyrir að kerfisáhætta byggist upp og ógni fjármálastöðugleika.

# Fjármálastöðugleikanefnd

- Ákvarðanir um beitingu stjórnækja Seðlabanka Íslands varðandi fjármálastöðugleika eru teknar af fjármálastöðugleikanefnd
- Stjórnækki bankans teljast í þessu sambandi m.a.:




Takmarkanir á einstaka fjármálafyrirtæki, s.s. viðbótarkröfur um eiginfjárhlutfall vegna stærðar fjármálafyrirtækja eða vegna aðstæðna í hagkerfinu, reglur um laust fé og fjármögnun fjármálafyrirtækja - þau eigi nægt laust fé til að standast tímabundin áföll.



Einnig er hægt að beita takmörkunum á einstaklinga, s.s. takmarkanir á leyfilegt veðsetningarhlutfall húsnæðislána, lán í erlendum gjaldmiðlum o.fl. Til þess að koma í veg fyrir of mikla skuldsetningu.

# Dæmi um þjóðhagsvarúðartæki





## Hámarksveðhlutfall

Fjármálastöðugleikanefnd ákveður reglur um hámarksveðhlutfall nýrra fasteignalána. Samkvæmt núverandi reglum mega fjármálastofnanir ekki veita lán fyrir hærri fjárhæð en sem nemur 85% af verði fasteignar eða 90% í tilviki fyrstu kaupenda. Tilgangur reglnanna er að varðveita fjármálastöðugleika og auka viðnámsþrótt lánveitenda og lántaka gagnvart mögulegum viðsnúningi á fasteignaverði

# Fjármálaeftirlit



# Hvert er markmið Fjármálaeftirlitsins?



Að tryggja að fjármálamarkaðurinn sé skilvirkur og njóti trausts til að gegna þjóðhagslegu hlutverki sínu



Að gæta hagsmuna viðskiptavina fyrirtækja á fjármálamarkaði og almennings



Að viðhalda löghlýðni, heilbrigði, öryggi og skilvirkni í rekstri fyrirtækja á fjármálamarkaði

# Fjármálaeftirlitsnefnd

- Framfylgir lögum og reglum um starfsemi eftirlitsskyldra aðila og tekur ákvarðanir sem Fjármálaeftirlitinu eru faldar samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum



## Eftirlitsskyldir aðilar eru t.d.:

- Bankar og sparisjóðir
- Vátryggingafélög
- Vátryggingamiðlanir og
- vátryggingamiðlarar
- Lífeyrissjóðir
- Verðbréfafyrirtæki
- Verðbréfamiðlanir



## Dæmi um ákvörðun fjármálaeftirlitsnefndar:

- Mat á hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarfólks
- Veiting starfsleyfa
- Beiting refsiviðurlaga (dagsektir, stjórnvaldssektir og sáttir)
- Eiginfjárkröfur fjármálafyrirtækja
- Ákvarðanir um stöðvun viðskipta í Kauphöll
- Setning leiðbeinandi tilmæla




# Önnur verkefni Seðlabankans




Útgáfa seðla- og myntar



Tölfræðiupplýsingar,  
rannsóknir og útgáfur



Stuðla að virkri og öruggri  
greiðslumiðlun í landinu og við  
útlönd



Varðveita gjaldeyrisvarasjóð –  
öryggissjóður þjóðar

# Önnur verkefni Seðlabankans frh



Tekur þátt í gerð  
lagafrumvarpa, t.d með  
umsögnum



Sinnir framkvæmd á  
innlendum og erlendum  
lántökum ríkissjóðs og hefur  
umsjón og eftirlit með  
ríkisábyrgðum



Vinnur að stefnu ríkisstjórnar í  
efnahagsmálum og er ráðgjafi  
varðandi gjaldeyrismál, lánamál  
og fleira



Sinnir rekstri bókasafns,  
skjalasafns og myntsafns  
Seðlabankans og  
Þjóðminjasafnsins

# Útgáfur Seðlabankans



# Vinnustaðurinn okkar



# Seðlabankinn sem vinnustaður

- Starfsemi Seðlabankans skiptist í sjö fagsvið, fjögur stoðsvið og skrifstofu bankastjóra sem sér m.a. um stefnumótun, alþjóðasamskipti, upplýsingamiðlun, reglusetningu og aðra lögfræðiráðgjöf. Fagsvið bankans eru hagfræði og peningastefna, markaðsviðskipti, fjármálastöðugleiki, bankar, lífeyrir og váttryggingar, markaðir og viðskiptahættir og lagalegt eftirlit og vettvangsathuganir. Stoðsvið bankans eru rekstur, upplýsingatækni og gagnasöfnun, fjárhagur og mannauður
- Starfsmenn Seðlabankans voru í ársbyrjun 2020 í kjölfar sameiningar Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins um 290 talsins, 150 karlar og 140 konur
- Hlutfall háskólamenntaðra starfsmanna var um 88% og eru flestir þeirra menntaðir á sviði viðskipta- og hagfræði, lögfræði, verkfræði og upplýsingatækni
- Seðlabankinn hefur sett sér að fylgja jafnlaunastefnu og hlaut formlega jafnlaunavottun í janúar 2019

# Seðlabankinn sem vinnustaður



Myndir úr ársskýrslu Seðlabankans árið 2017